

A 1767/præsídiet

Flytjandi Forsætisnefndin
Afgreiðsla Forsætisnefndin

Forsætisnefndartillaga um tungumál í Norðurlandaráði**Tillaga**

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð taki ákvörðun um

að breyta 74. grein í Starfsreglum Norðurlandaráðs um tungumál frá og með 1. janúar 2020 þannig að hún hljóði svo:

„Tungumál norrænu ríkjanna eru talin jafngild á fundum Norðurlandaráðs. Opinber tungumál ráðsins eru danska, finnska, íslenska, norska og sænska.

Túlkað er á og úr finnsku og íslensku á og úr dönsku, norsku og sænsku eftir þörfum. Ekki er túlkað á milli dönsku, norsku og sænsku.

Þýða ber mikilvæg skjöl á og úr finnsku og íslensku á og úr dönsku, norsku eða sænsku. Ekki er þýtt á milli dönsku, norsku og sænsku.

Forsætisnefndin setur reglur um túlkun og þýðingar.

Á skrifstofunni er notast við dönsku, norsku og sænsku. Á skrifstofu Norðurlandaráðs á ávallt að vera starfsfólk sem hefur ítarlega þekkingu á hverju og einu tungumála norrænu landanna.“

Bakgrunnur

Landsdeildir Finnlands og Íslands fluttu þingmannatillögu A 1685/præsídiet í október 2016 þess efnis að allar norrænu þjóðtungurnar skyldu viðurkenndar sem opinber vinnutungumál í Norðurlandaráði.

Afgreiðslu tillögunnar á þingi Norðurlandaráðs í Helsinki 2017 lyktaði með innri ákvörðun 5/2017 sem fól m.a. í sér að málefni um stöðu tungumála í starfsreglum Norðurlandaráðs var vísað aftur til forsætisnefndar með því orðalagi „að málefninu um starfsreglur og túlkun á stöðu vinnutungumálanna [yrði] skotið til forsætisnefndar og fjallað um það á 70. þingi Norðurlandaráðs í Ósló 2018“.

Á þeim bakgrunni náði forsætisnefndin samkomulagi í júní 2018 um að leggja fram þá tillögu sem hér liggur fyrir.

Sjónarmið forsætisnefndarinnar

Forsætisnefndin leggur áherslu á þau lýðræðislegu grundvallaratriði að norrænum kjósendum sé ekki mismunað hvað snertir málsvar og að tungumál norrænu



landanna séu jafngild. Forsætisnefndin leggur einnig áherslu á þær jafnaðarreglur að fulltrúum gefist kostur á að tala og skrifa á móðurmálinu.

Forsætisnefndin telur það styrkleikamerki og að táknrænt gildi norrænnar samkenndar sé fólgið í því að fulltrúar í Norðurlandaráði geti átt samskipti sín á milli á móðurmálinu.

Forsætisnefndin telur að hægt sé að skipuleggja og framkvæma starf ráðsins á fleiri en einu tungumáli en vill af hagkvæmnis- og fjárhagslegum ástæðum takmarka fjölda þeirra við tungumál norrænu ríkjanna, það er tungumál þeirra ríkja sem eru aðilar að Helsingforssamningnum.

Forsætisnefndinni er kunnugt um að hjá öðrum alþjóðastofnunum er greint á milli opinberra tungumála og vinnutungumála þar sem allt að þrjú tungumál eru notuð á skrifstofunni óháð fjölda hinna opinberu tungumála.

Forsætisnefndin telur að ræða þurfi nánar fjárhagslega þætti breytinga á 74. greininni og fjármögnun þeirra áður en breytingarnar ganga í gildi.

Forsætisnefndin telur enn fremur að kanna þurfi betur raunhæfa möguleika á fjartúlkun og áætlaðan kostnað vegna hennar áður en breytingarnar ganga í gildi. Möguleikar þessir geta haft í för með sér að forsætisnefndin óski eftir að leggja til frekari breytingar á starfsreglunum í því skyni að greiða fyrir þróun á þessu sviði.

Af þeim sökum telur forsætisnefndin að breytingar á 74. grein krefjist undirbúningstíma og eigi ekki að taka gildi fyrr en 1. janúar 2020.

Nuuk, 13. september 2018

Bertel Haarder (V)
Silja Dögg Gunnarsdóttir (Frfl)
Staffan Danielsson (C)
Mikael Staffas (Lib)
Maarit Feldt-Ranta (sd)
Annette Lind (S)
Martin Kolberg (A)

Oddný G. Harðardóttir (Sf)
Phia Andersson (S)
Michael Tetzschner (H)
Wille Rydman (saml)
Christian Juhl (EL)
Mikkel Dencker (DF)